

FORELDRAFÉLAG BREIÐHOLTSSKÓLA

Miðvikudaginn 24. september 2025 kl. 17.00 var haldinn aðalfundur foreldrafélags Breiðholtsskóla. Fundurinn var haldinn á kaffistofu starfsmanna í Breiðholtsskóla Foreldrar sem komnir voru til fundar, sjá fylgiskjal.

Þetta gerðist:

1. **Kosning fundarstjóra og fundarritara**

Formaður foreldrafélagsins, Ásta Birna Björnsdóttir, býður fundargesti velkomna og tilnefnir Hildi Oddsdóttur sem fundarstjóra og Eygló Traustadóttur sem fundarritara.

Samþykkt.

2. **Skýrsla stjórnar foreldrafélagsins**

Formaður foreldrafélagsins fer yfir skýrslu stjórnar foreldrafélags fyrir starfsárið 2024-2025.

3. **Ársreikningur foreldrafélagsins**

Gjaldkeri foreldrafélagsins fer yfir ársreikning foreldrafélagsins fyrir starfsárið 2024-2025.

Samþykkt.

4. **Kosning stjórnar foreldrafélagsins**

Lögð er fram tillaga að stjórn foreldrafélagsins fyrir starfsárið 2025-2026:

Hildur Oddsdóttir, formaður

Guðrún Eyrith Einaradóttir, gjaldkeri

Heiðrún Sigfúsdóttir

Ásta Birna Björnsdóttir

Helena Wilkins

Svava Björk Jónasdóttir

Nathalia Bardales Tómasdóttir

Sunna Skúladóttir

Artan Zogaj

Samþykkt.

5. **Kosning fulltrúa í skólaráð**

Lögð er fram tillaga að fulltrúum í skólaráð fyrir starfsárið 2025-2026:

Yrsa Rós Brynjudóttir

Gunnhildur Karlsdóttir

Til vara: Helena Wilkins

Samþykkt.

Farið yfir starf skólaráðsins.

6. **Kosning skoðunarmanna ársreikninga**

Lögð er fram tillaga að skoðunarmönnum ársreikninga fyrir starfsárið 2025-2026:

Kjartan Gunnsteinsson

Guðmundur Axel Hansen

Samþykkt.

7. Árgjöld foreldrafélagsins

Lögð er fram tillaga um að árgjald foreldrafélagsins verði óbreytt, 4.000 kr. á fjölskyldu, fyrir starfsárið 2025-2026.

Samþykkt.

8. Önnur mál

Rætt um foreldrarölt. Gott að skipuleggja með góðum fyrirvara, t.d. þegar eru böll og aðrir viðburðir. Gott að hafa ákveðna vikudaga sem er foreldrarölt, að það sé t.d. alltaf á föstudögum og oftast ef tilefni er til. Fá hugmyndir frá foreldrum um hvernig er best að standa að foreldrarölti. Hugmynd að vinabekkir taki ábyrgð á foreldrarölti ákveðnar vikur t.d. 1. bekkur og 6. bekkur saman. Samstarf við félagsstarfskennara og félagsmiðstöðina um foreldraröltið. Foreldraröltið er vettvangur til að kynnast öðrum foreldrum. Snýst líka um hverfið og samfélagið í heild, hefur fælingarmátt hvað varðar óæskilega hluti. Ákveðið að skipuleggja foreldrarölt í samstarfi foreldrafélags, skólans og félagsmiðstöðvarinnar. Einhver verðlaun verði í boði fyrir foreldra sem standa sig vel að mæta í foreldrarölt, t.d. pizzuveisla fyrir þann bekk þar sem foreldrar mæta best í foreldrarölt.

Fundi slitið kl. 18.07